

AUGLÝSING

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 3 23. febrúar 1971 um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda ákveður ráðuneytið, að innheimta megi á fyrstu 6 mánuðum ársins 1971 allt að 60% af opinberum gjöldum ársins 1970 sem fyrirframgreiðslu á slíkum gjöldum, sem álögð verða 1971.

Fjármálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag frá og með 1. janúar 1971 verið ákveðinn sem hér segir:

| | |
|--|------------|
| Fávítahæli ríkisins, Kópavogi | kr. 650.00 |
| Barnaheimili Templara, fávítahæli, Skálatúni | — 550.00 |
| Vistheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnessýslu | — 510.00 |
| Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshr. | — 550.00 |
| Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngási, Reykjavík, og dagvistardeildir fávita | — 390.00 |
| Vistheimilið Sólborg, Akureyri | — 550.00 |

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.